

Fermingarblað Vífils


1. tölublað

27. árgangur

2005



Fermingarbörn í Garða- og Vídalínskirkju 2005
Hátíðarhöld sumardagsins fyrsta í Garðabæ
Skátastarf í Garðabæ - Ný Skátamiðstöð
Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils í 17. sinn



Fermingarbörn sem leggja 30.000 kr.
eða meira inn á Framtíðarbók eftir
fermingardaginn fá 5.000 kr.
peningagjöf inn á bókina frá KB banka.

GEFÐU FREKAR FRAMTÍÐARBÓK KB BANKA

Framtíðarbók KB banka er góð fermingargjöf, gjafakort fást í næsta útibúi.

Verðtryggður sparireikningur með hæstu vexti almennra innlánsreikninga bankans.
Innstæðan verður laus til úttektar við 18 ára aldur.



www.kbbanki.is



Kæru Garðbæingar

Hvílíkt starfsár hjá Vífli !

Í tuttugasta og sjöunda skipti kemur út Fermingarblað Vífils hér í Garðabæ og skipar sér í sess elstu blaða í bænum. Blaðinu er meðal annars ætlað að kynna fermingarskeytasölu félagsins, sem hefur verið ein af fjárflosum félagsins í hartnær 30 ár.

Sem fyrr eru listar yfir þau fermingarbörn sem fermast í Garðakirkju og Vídalinskirkju og einnig þau fermingarbörn úr Garðabæ sem fermast í Bessa- staðakirkju.

Listarnir eru þeir eins og þeir lágu fyrir er blaðið fór í prentun og hugsanlega hafa orðið einhverjar breytingar frá þeim tíma. Með Fermingarblaði Vífils, sem er alfarið unnið af skátum Vífils, viljum við einnig kynna allt það umfangsmikla starf sem fer fram undir merkjum Vífils á hverju ári.

Nú pantar þú líka skeyti á vefnum !
Við hvetjum bæjarbúa til að senda fermingarbörnum skátaskeyti, hvort sem þeir eru nágrannar, vinir eða ættingjar og þannig styðjið þið við öflugt æskulýðsstarf í bænum.

Við höldum áfram að hafa skeytasöluna á heimasíðu félagsins www.vifill.is og *hvetjum ykkur að nýta hana* - þar er opið allan sólarhringinn.

Auðvitað er svo líka hægt að hringja í okkur til að panta skeytin.

Ný Skátamiðstöð - Nýtt Vífilsfell

Aðalmálið í vetur hefur verið bygging nýrrar og glæsilegrar Skátamiðstöðvar með Hjálparsevit skáta að Bæjarbraut 7 og var hún vígð í nóvember síðstliðnum. Félögin hafa verið að koma sér fyrir og hvert skref er stór áfangi fyrir félögin.



Umfangsmikið skátastarf í Vífli

Fyrir utan húsbýggingu hefur sem fyrr verið mikið um að vera hjá félaginu og má nefna frá síðastliðnu sumri þátttöku í Vormóti, Viðeyjarmóti, Ylfingamóti ásamt ferðum þriggja hópa til Finnlands, Þýskalands og til Sviss.

Einnig félags-, sveitar- og flokksútilegur, sumardagurinn fyrsti, 17. júní, Útilífs og ævintýranámskeið og ekki má gleyma að síðastliðið sumar var Vífill með umsjón með smíðavöllum bæjarins og tókst það einstaklega vel.

Eldri skátar tóku þátt í flokksforingja-, sveitarforingja- og dróttskátanám- skeiðum og einnig átti Vífill skátaforingja sem útskrifuðust úr Gilwellskáta- skólanum og gerir það foringjahóp Vífils enn öflugri.

Bakland Vífils hefur aldrei verið sterkara og án þess væri nú margt ógert enn á Bæjarbrautinn.

Sumarnámskeiðin vinsælu

Auðvitað kynnum við hér í blaðinu okkar vinsælu Útilífs- og ævintýranámskeið, en þau verða haldin í sumar í sautjándá sinn og Smíðanámskeið Vífils verður í okkar umsjá í annað sinn.

Útilífsnámskeiðin eru alltaf að verða vinsælli og vinsælli og ekki er verra að fara að huga að bókunum því síðustu árin hefur verið uppbókað á þau öll á met tíma.

Á Smíðanámskeiði Vífils verður einnig boðið upp á frábæra dagskrá alla daga.

Bestu þakkir !

Frá okkur skátum í Vífli sendum við bestu kveðjur og þakkir til þeirra fyrirtækja sem hafa gert þessa útgáfu mögulega.

Sum þessara fyrirtækja hafa styrkt okkur í meira en aldarfjórðung og viljum við þakka þeim fyrir **ómetanlega** aðstoð.

Með skátakveðju,
Björn Hilmarsson,
ritstjóri.



Útgefandi:
Skátafélagið Vífill

Ábyrgðarmaður
Jónatan Smári Svavarsson

Ritstjörn
Björn Hilmarsson

Ágúst Þór Gunnlaugsson
Bergdís Brynjarsdóttir
Eva Mjöll Sigurbjörnsdóttir
Gísli Örn Bragason
Gunnur Líf Gunnarsdóttir
Hanna Dóra Magnúsdóttir
Hermann Sigurðsson
Hrafnhildur Sigurðardóttir
Hörður Freyr Sigurðarson
Íris Sigurðardóttir
Páll Ólaf Pálsson
Rakel Ýr Sigurðardóttir
Soffía Dagmar Þorleifsdóttir

Myndir
Úr myndasafni ritstjórnar og Vífils

Nýja Skátamiðstöðin risin

Vífill fluttur í nýtt Vífilsfell við Bæjarbraut 7



Bygging sem félögin eru stolt af
Eftir langan undirbúning tókst að koma verkinu af stað og með krafti frá byggingarnefndum félaganna og stjórnnum þeirra var lagt af stað með háleiti markmið.

Ekki voru margir utan félaganna tveggja sem hreinlega trúðu því að Vífill og Hjálpar sveit skáta gætu gert alvöru úr áætlunum sínum að reisa sameiginlegt nýtt húsnæði fyrir fermetraverð sem ekki hafði heyrst áður.

Lagt af stað með látum

Þegar loks framkvæmdir hófust var ekki aftur snúið og frábært lið iðnaðarmanna og stór hópur sjálfbóaliða úr röðum Vífils og Hjálpar sveitarinnar gerðu þetta með miklum krafti og upp er risin glæsileg Skáta- og björgunarmiðstöð.



Tugir sjálfbóaliða í næturvinnu

Þegar kom að þeim þáttum í byggingarvinnunni sem félögin sjálf gátu séð um, þá var ekki slakað á í neinum þáttum.

Það var málað, flísalagt, dregið í rafmagn, settar upp hurðir, hillur, innréttingar og ljós og þegar nálgast vígsludaginn, þá voru að meðaltali um 50 manns að vinna á hverju kvöldi og langt fram á nótt.

Félagar, fyrrum félagar, foreldrar og velunnarar lögðu mörg hundruð vinnustundir í húsið og verður það seint fullþakkað.



Myndir segja meira en þúsund orð

Hér eru nokkrar myndir á síðunni af þessu afreki félaganna og ljóst er að nýja Skátamiðstöðin á eftir að verða gríðarleg lyftistöng fyrir bæði félögin. Við hvetjum Garðbæinga til að koma í heimsókn til okkar í hið nýja Vífilsfell, hluta Vífils í Skátamiðstöðinni.



Stjórn Vífils skipa nú

Félagsforingi

Jónatan Smári Svavarsson

Aðstoðar félagsforingi

Hrafnhildur Sigurðardóttir

Ritari

Brynjar Hólm Bjarnason

Gjaldkeri

Björn Hilmarsson

Meðstjórnendur

Magnús Kristjánsson

Rakel Ýr Sigurðardóttir

Unnur Flygenring



Studiobíllar ehf.
 Sími: 5 400 800 / 540 6700 - GSM: (354) 893 0330
 E-mail: studiobillar@studiobillar.is - www.studiobillar.is

RE/MAX[®]
STJARNAN

 Bæjarhrauni 6 - 220 Hafnarfirði
 S: 51-REMAX (51-73629)
www.remaxstjarnan.is
Nútímaleg fasteignasala



CRABTREE & EVELYN[®]

La Source

Bylting fyrir hendur

Kornamaski

sem gerir hendurnar silkimjúkar á 20 sekúndum

Helstu útsöluaðilar
Crabtree & Evelyn á höfuðborgarsvæðinu:
Blómaval Sigtúni
Tekk-Company Kópavogi
Villeroy & Boch Kringlunni
Húsgagnahöllin

Heildsöludreifing Heggís ehf.

pitt líf, þín framtíð

Sum hugtök teygjast með tímanum. Í dag leyfist fólk að skilgreina sig sem fjölskyldu þó að það eigi ekki hús, bíl, hamstur, tjaldvagn og tíu börn. Hvaða leið sem við veljum í lífinu koma tryggingar við sögu og hversu stór sem fjölskyldan þín er ættir þú að skoða kosti F plús fjölskyldutryggingarinnar.

Fjölskyldur stækka gjarnan og breytast með tímanum. Þar sem F plús er ein víðtækasta tryggingin á markaðnum er óþarfi að uppfæra hana með hverjum áfanganum sem er náo.

F plús víðtæka fjölskyldutryggingin innifélar m.a.

- Tryggingu á innbúi
- Slysstryggingu í frítíma
- Ferðasjúkra- og ferðarofstryggingu á ferðalögum erlendis
- Faranðurstryggingu á ferðalögum erlendis
- Málkostnaðartryggingu
- Umönnunartryggingu barna
- Ábyrgðartryggingu einstaklings

Sjá nánar í skilmálum F plús tryggingar.

- þitt öryggi

VÍS, Ármúta 3, 108 Reykjavík,
www.vis.is

Þjónustuver VÍS, símapjónusta
mánudaga til fimstuðaga
kl. 8:00-19:00,
sími 560 5000



Sumardagurinn fyrsti, 21. apríl..

Skátamessa, sumarskemmtun, tertur og þrautabraut!

Afmælisdagur Vífils

Sterk hefð hefur myndast um hátíðahöld sumardagsins fyrsta í Garðabæ og hafa þau verið í umsjá Skátafélagsins Vífils alla tíð.

Sumardagurinn er um leið afmælisdagur félagsins en félagið var stofnað á þessum degi árið 1967.

Skátamessa í Vídalínskirkju kl. 13

Dagurinn hefst með fánaathöfn við Vídalínskirkju laust fyrir klukkan 13 og hefst svo skátaguðspjónusta í kirkjunni strax á eftir. Við hvetjum alla Garðbæinga að taka þátt í dagskránni frá upphafi.

Skrúðganga að Hofstaðaskóla

Skrúðgangan hefst svo eins og venja er fljótlega eftir skátamessuna eða klukkan 14. Gengið verður frá Vídalínskirkju, niður Hofstaðabraut, eftir Bæjarbraut að Hofstaðaskóla og inn á hátíðarsvæðið þar.

Skátaforingjar úr Vífli munu sjá um



fánaborg í skrúðgöngunni og sér lúðrasveit um göngutaktinn og hressan undirleik.

Dagskrá við Hofstaðaskóla

Við Hofstaðaskóla mun lúðrasveitin leika nokkur lög og að því loknu hefst skemmtidagskrá þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, t.d.

þrautabraut, leiktæki, söngur og skemmtiatriði.

Skátakaffi og afmælisökukur

Hofsstaðaskóli verður opinn og hið víðfræga skátatertuhlaðborð Vífils verður þar samkvæmt hefðinni.

Kaffisalan verður í samkomusal skólans og er nóg pláss fyrir alla.



Góð íþrótt er gulli betri

Íþróttamiðstöðin Ásgarður - Garðabæ

Íþróttamiðstöðin er miðstöð heilsuræktar.

Starfsfólk stöðvarinnar býður Garðbæinga og gesti velkomna og mun kappkosta að veita góða þjónustu. Þú getur hvort heldur valið um að æfa í skipulögðu starfi íþróttafélags eða setja saman þína eigin æfingaáætlun.

Við íþróttamiðstöðina er glæsileg sundlaug, barnalaug og heitir pottar. Stórir og litlir æfingasalir, upphitunarsalur og þreksalur.

Úti eru svo gervigrasvöllur ásamt nýjum sparkvöllum.

Það er aldrei of seint að byrja.

Hafðu samband og kynntu þér starfsemi okkar.

Íþróttamiðstöðin Ásgarður - Garðabæ - Sími 565-8066



Íþrótt- og tómstundaráð Garðabæjar

... er hátíð allra Garðbæinga !

Fjölmennum á hátíðarsvæðið við Hofsstaðaskóla

Nú mæta allir !

Við í Vífli erum stolt af því að sjá um svo viðamikla hátíð í bænum og vonum við að við sjáumst sem flest !

Allir Garðbæingar velkomnir!

Sumardagsnefnd Vífils.



TILBOD! SENT! 16* m/2 áleggsgundum 2JA lítra
PIZZA - PEPSI og BRAUÐSTANGIR
 Litill skammtur

1.990

PIZZAN

Smíðsbúð 9 • Sími: 565 9440

Ekki er hægt að skipta tilbóinu

Strákasveitin Fornmenn

Þegar Fornmenn lærðu að smíða....

Nú skyldi smíðað !

Laugardaginn 12. febrúar hófust strákarnir í sveitinni Fornmönnum handa við að smíða inn í nýja fundarherbergið sitt í nýja húsinu. Ákveðið var að smíða 25 - 30 manna borð og bekkji í stíl. Voru sveitarforingjar sendir á föstudeginum að kaupa spýtur, málningu og pensla til að geta hafið verkið.

Allt klárt

Á laugardeginum þegar allir voru mættir til vinnu sendum við 6 hrausta drengi af stað til þess að sækja stórar trönur.

Einn af foringjunum hafði snapað bambus og gamalt heimskort og var það notað til veggskreytingar og restinni var komið fyrir í kringum gluggann.

Kom sambýlið við Hjálparsveitina nú í góðar þarfir þar sem við fengum að nýta



bílageymsluna til að smíða borð og bekkji.

Það þarf nú líka að borða

Um kvöldmatarleytið voru pantaðar pizzur þar sem allir voru orðnir svangir, horft var á sjónvarpið á meðan við borðuðum og eftir kvöldmat var aftur tekið til við vinnuna.

Lauk síðan framkvæmdum um mið-

nætti, en eftir það var horft á eina mynd og síðan fóru allir að sofa eftir erfiðan en góðan dag.

Stoltir eftir helgina

Vaknað var kl. 10 næsta morgun og eftir morgunmatinn var allt þrifið og þússað og gekk það vonum fram og var ljóst að menn voru stoltir af verkum helgarinnar.

Viltu vera með ?

Skátasveitin Fornmenn er fyrir stráka á aldrinum 11-15 ára. Fundirnir eru á þriðjudögum klukkan 19:30 - 21:00 og eru allir velkomnir til okkar.

Höfundur: Hörður Freyr Sigurðarson.

Myndir: Páll Ólaf Pálsson.

Flokksforingjar í Fornmönnum

Vífill á landsmóti í Finnlandi

Aldrei áður verið á skátamóti inni í miðjum skógi

Sautján frá Garðabæ

Í júlí á síðasta ári lögðu sautján skátar úr Vífli af stað á Tarus, landsmót skáta í Finnlandi, en það var haldið í Turku.

Þar tóku finnskir skátar á móti okkur og voru okkar gestgjafar í þrjá daga eða þar til mótið byrjaði.

Inni í miðjum skógi

Þegar farið var á mótsstað frá Turku, vöknudum við mjög snemma og tókum heljarstökk uppí rútna og keyrðum eftir forugum og skítugum veginum til Padasjoki, þar sem mótið var haldið. Þegar við komum tókum við kollhnís út úr rútnu og þurftum að drífa okkur í regnföt því það var hellidemba, og þá meinum við heeeeeeeeeeeellidemba



sem hélt reyndar nánast ¾ hluta af mótinu. Svo þurftum við að bera allt dótið okkar og eitthvað af sameiginlega dótinu og labba ótrúlega langt til að komast að svæðinu okkar. Þar þurftum við að tjalda í rigningunni og það tók ótrúlega langan tíma að koma tjöldunum fyrir því að það voru tré alls staðar.

Þreytt og blaut

Eftir þennan dag voru allir mjög þreyttir og blautir og sofnuðu fljótlega í tjaldinu sínu!

Næsti dagur leið fljótt, það var ennþá rigning og það hafði ringt alla nóttina þannig að það var allt rennandi blautt!

Fórum á Hard Stock café

Mótsvæðinu var skipt í 7 svæði, Stocken, Patikka, Savotta, Kulo, Uitto, Justeeri og Korpi sem var svæðið okkar. Á mótsvæðinu voru margar búðir og sjoppur þar á meðal hin geysivinsæla Hard Stock café sem var á Stocken. Við fórum oftast á Hard Stock café en þar var margt hægt að fá t.d. kandíflos, ís, nammi, Pringles, bakarísmat og margt fleira!



Við vorum sundurbitin

Næstu daga fórum við í gönguferðir, plöntuðum trjám, sváfum úti í skógi og þegar við vöknudum vorum við allar í mosquito-bitum. Einnig fórum við í sund og gufu, grilluðum mat og tókum þátt í kvöldvökum.

Síðasta daginn þegar farið var til baka fórum við á ströndina og í tívolí-tívolí-tívolí-lí-lí um kvöldið.

Auðvitað urðum við mjög sein á flugvöllinn en flugið gekk vel og allir voru í því líku stuði í flugvélinni. Flugfreyjurnar þurftu meira að segja að sussa nokkrum sinnum á okkur en það var í lagi. Þetta var ÞVÍLÍKT SKEMMTILEG ferð.

Jóhanna Jóhannsdóttir,
Hildur Hafsteinsdóttir,
Heba Ýr Pálsdóttir.

Páskalambið í ár



Ofnsteiking á lambalæri

Landsliðið mælir með til að halda kjötsafa og gæðum í hæsta gæðaflokki að strá yfir lærið salti 10 mín. fyrir ofnbökun þannig að allir hlutar lærisins fái hóflegan áferð af salti. Best er að setja lærið inn í 180°C ofn í 10-15 mín. og lækka niður í 110°C til að kjötið fái væga ofnbökun í 45-60 mín. og svo er gott setja kjötið undir grillið í 5 mín. Látið svo kjötið jafna sig í 10 mín. við stofuhita fyrir skurð.

Miðlungs steik er 60°C í kjama (hita) eftir að kjötið hefur látið hvíla (fyrir þá sem hafa þjárfest í kjötmæli).

Kjötið er sérvalið og látið liggja í ólífufolíu með fersku kryddi með það að leiðarljósi að ná fullri meyrun á sama tíma og fersk krydd kryddleggja kjötið án salts. Meyrun í ólífufolíu gefur frábæran grunn til að kjötið verði sem best við náttúrulegar aðstæður án salts.

Fyrir steikingu er stráð sjávarsalti eða öðru hollu salti yfir kjötið til að samræma meyran bragðgóðan vöðvann við hóflegt saltbragð og kryddkeim.

að hætti landsliðs matreiðslumeistara

Sérvalið lambalæri marinerað í ólífufolíu, sítrónu, fersku rósmaríni og hvítlauk

Gott að vita!
Saltlaus marinerung
Ekkert M.S.G.



Takmarkað magn

40%
afsláttur við
kassa

TILBOÐ
2.387 kr/kg
Verð áður 3.979,-

Nautalundur



Jói Fel ís 3 tegundir
- vinsælasti ís Hagkaupa



Gott
verð
1.985 kr/kg

Ferskt Kalkúnaskip smjörspurað
- frábært í ofninn

Gildir til 23. mars eða á meðan bigðirendast

HAGKAUP

Skemmtilagast að versla

Muggar

Yngsta sveit félagsins

Muggar Vífils

Muggasveitin í Vífli er yngsta sveitin í félaginu og jafnframt fyrir þá yngstu. Hún er ætluð fyrir 8 ára krakka.

Í sveitinni eru núna starfandi 10 hressir krakkar.

Við höfum nú skemmt okkur mjög vel saman og oft má ekki á milli sjá hvort krakkarnir eða foringjarnir eru að skemmta sér betur. Við höfum hisst vikulega og farið svo í nokkrar dagsferðir.

Vikulegir fundir

Á vikulegu fundunum hefur margt verið gert. Við höfum meðal annars fönðrað með refatennur, farið í innanhúss-leðaferð, strætóferð og auðvitað margt fleira. Við ætlum einnig að vera með foreldravöldvöku áætluð á næstu vikum. Þá ákveða krakkarnir með smá hjálp frá foringjum hvað þau vilja gera.

Ferð í hverjum mánuði

Einnig förum við í dagsferðir. Við reynum af fara einu sinni í mánuði. Við höfum farið saman í klifur í Bjarkarhúsinu í Hafnarfirði og það var alveg rosalega



gaman. Við fórum saman í strætó inn í Hafnarfjörð og eyddum þá góðum tíma í að klifra. Við vorum öll ótrúlega klár.

Fyrst að gista í nýja skátaheimilinu

Við erum svo búin að vera með eina innilegu. En það er nokkurs konar útilega nema við gistum í skátaheimilinu. Við vorum þau fyrstu sem fengu að gista í skátaheimili og auðvitað vorum við rosalega stolt. Við vorum með innilegu síðustu helgina fyrir jól. Þá var mjög gaman en auðvitað var kominn mikill spenningur í fólkið þannig að við tókum þessu bara rólega. Við hittumst á



föstudegi og förum í einhverja leiki og svo horfðum við á video rétt fyrir svefninn. Á laugardeginum þá förum við í Þjóðminjasafnið þar sem við hittum á jólasveininn. Síðan skoðuðum við safnið og fannst rosalega gaman. Við gistum bara eina nótt en okkur fannst það ekkert verra.

Í heildina hefur verið rosalega gaman hjá okkur í vetur og stefnum við á sama stuðið áfram.

Rakel Ýr Sigurðardóttir
Sveitarforingi Mugga

Ylfingasveitin

Endalaust fjör hjá Furðufuglum

Skipt í tvo hópa

Nú í vetur hefur starfað fjöldinn allur af níu og tíu ára krökkum í félaginu. Þau hafa starfað í ylfingasveitinni Furðufuglum.

Í haust var tekið á það ráð vegna fjölda að skipta sveitinni í tvennt. Hóparnir gera sömu verkefni á fundum og síðan fara þau í sameiginlegar útilegur og dagsferðir.

Margt í boði

Starfið hefur verið mjög fjölbreytt í vetur. Við höfum farið í nokkrar dagsferðir,



félagsútilegu og innilegu (gist í skátaheimilinu) auk vikulegra funda.

Í dagsferðum höfum við m.a. farið í sund, kíkt á fornuni í Þjóðminjasafninu og reynt á kraftana í klifri.

Innilega fyrir jólin

Við förum í okkar árlegu innilegu síðustu helgina fyrir jól. Markmið var að gera eitthvað skemmtilegt við nýja herbergið og tókst það með eindæmum vel. Myndir fóru að prýða veggina, við eignuðumst gólfmottur og þessi fínu gluggatjöld. Margt annað var gert svo sem að mála boli (sem margir nýttu sem jólagjafir). Götuleikur var um Garðabæ og næturleikur við skátaheimilið.

Mikið framundan

Margt er á dagskrá eftir páska og við erum hvergi hætt. Við erum þessa dagana að vinna með þema um Mexikó. Einnig munu mánaðarlegar dagsferðir halda áfram og í vor stefnum við á að fjölmenna á Ylfingamótið á Úlfliótsvatni.



Viltu vera með ?

Við hvetjum alla þá sem hafa áhuga á starfinu að kíkja til okkar á fund.

Fundartími fyrri hópsins er á mánudögum og seinni hópsins á þriðjudögum frá kl.17:30 til 18:30.

Hver og einn ákveður hvor tíminn hemtar honum betur.

Bergdís Inga Brynjarsdóttir
Íris Dögg Sigurðardóttir
Sveitarforingjar Furðufugla.

Forynjur Vífils

Stúlknasveit Vífils !

Mikið um að vera

Það er nú meira en nóg búið að gerast í vetur hjá okkur stúlkunum. Allt frá því að binda hnúta í það að fara í skemmtilegar útilegur.

Haustið byrjaði í Kirkjulundi en mikill undirbúningur var fyrir nýja skátaheimilið.

Sveitarútilega í Vífilsbúð

Seinustu helgina í september var farið í útilegu sem var haldin upp í skátaskálanum Vífilsbúð, en það mættu alls 20 stúlkur. Mikið fjör, tónlist og útivera var í gangi og var þetta mjög mikið fjör.

Margslungnir dagskrárliðir

Október og nóvember voru teknir með trompi. Fundir voru í gangi í hverri viku en það sem fór meðal funda var t.d. leiklist, pönnukökubakstur, spagettihnútar, kvöldvökur, ljósmyndamarapön og margt fleira skemmtilegt.

Í desember var haldið stórt jólabingó en það endaði nú með að allir fengu vinninga.



Nýtt skátaheimili

Flutt var inn í skátaheimilið og allt fór á fullt í að gera herbergið sem glæsilegast. Stúlkurnar tóku sig til og máluðu herbergið sitt fallegum hafmeyjumyndum og sett voru upp gluggatjöld og hilla.

Mikið var lagt í alla vinnuna í kringum það, en Forynjur fengu verðlaun fyrir ævintýrlegasta herbergið.

Undirbúningur fyrir Landsmót

Í janúar og febrúar höfum við verið á



fullu að undirbúa meðal annars fyrir Landsmót skáta, sem verður haldið á Úlfliótsvatni í sumar. Saumaðar hafa verið húfur og gerð margs konar flokksverkefni.

Sameiginleg sveitarútlega stúlkna- og stákasveitarinnar var haldin þann 11. - 13. mars en þar var hörkudagskrá í skátaskálanum rétt við Esjuna, Þrist.

Gunnur Líf Gunnarsdóttir
Sveitarforingi Forynja.

Viltu byrja hjá okkur í skátunum ?

Komdu í nýja skátaheimilið við Bæjarbraut eða hringdu í síma 565-8820 eða kíktu á www.vifill.is og fáðu nánari upplýsingar

HOLLT ER GOTT



KJÚKLINGUR

aivöru grillaður kjúklingur

Grensásvegi 5 | Reykjavík | Sími 588 8585

Hlíðasmára 8 | Kópavogur | Sími 586 8585

Opið alla daga 11:00 - 22:00

Grilluð kjúklingabringa

með heitri sósu, hrísgrjónum, maís, fersku salati og Topp

1.090

Tvær grillaðar kjúklingabringur

með heitri sósu, hrísgrjónum, maís, fersku salati og Topp

1.490

Kjúklingasalat - BK special

með grilluðum kjúkling, Iceberg, sólþurkuðum tómötum, svörtum ólífum, fetaost, Nachos og Sódavatni

890



Myndir úr starfi Vífils




Skátaskeytin eru falleg sending




1. Garðakirkja



2. Vídalínskirkja



3. Frá Úlfjótuvatni



4. Fljúgandi svanir



5. Jöklasýn



Umslag utan um skeytin.

Nýjar tegundir skátaskeyta í boði, falleg skeyti af kirkjum Garðabæjar.

Tekið er á móti pöntunum í nýja félagsheimilinu okkar Vífilsfelli, sem er í Skátamiðstöðinni við **Bæjarbraut 7 í Garðabæ**

Ef pantað er símleiðis, **verður** að greiða með greiðslukorti og er nægilegt að gefa upp greiðslukortanúmer og gildistíma.

Verð á skeytunum er kr. 750.

Á fermingardögum er hægt að panta skeytin í sínum 565-8820, 565-8989 eða 899-0089 milli klukkan 13-17.

Alla daga er hægt að panta skeyti á www.vifill.is allan sólarhringinn !

Einnig er hægt að koma í Skátamiðstöðina við Bæjarbraut 7 á opnunartíma skeytasölnunnar eða milli kl. 18-20 mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga.

Fermingarbörn úr Garðabæ sem fermast árið 2005

Laugardaginn 19. mars í Bessastaðakirkju kl. 10:30.

101 Baldur Brynjarsson Eyktarhæð 2

Laugardaginn 19. mars í Vídalínskirkju kl. 13:30.

102 Arnar Gunnarsson Lyngmóar 5
 103 Ástríður Magnúsdóttir Bakkafliot 6
 104 Björn Jónsson Steinás 10
 105 Daði Freyr Davíðsson Brúnás 17
 106 Emilía Yr Jónsdóttir Hrísmóar 13
 107 Erla María Árnadóttir Langamýri 22
 108 Fannar Már Arnarson Melhæð 5
 109 Fanney Ingvarsdóttir Ásbúð 69
 110 Friðbjörn Rúnar Friðbjörnsson Draumahæð 8
 111 Guðmundur Freyr Böðvarsson Lækjarás 3
 112 Guðrún Edda Þórðardóttir Löngumýri 28
 113 Hreinn M. Bergs Hegranes 24
 114 Jóhann Brynjar Magnússon Bæjargil 105
 115 Lísbet Guðný Þórarinsdóttir Lindarfliot 17
 116 Marta Rún Ársælsdóttir Stekkjarfliot 17
 117 Ragnheiður Björk Halldórsdóttir Birkihæð 5
 118 Tómas Ísdal Sunnufliot 48
 119 Viktor Örn Arnarson Lyngmóar 10
 120 Þorkell Einarsson Eikarás 8
 121 Þórhildur Gunnarsdóttir Smárafliot 51

Pálmásunnudag 20. mars í Vídalínskirkju kl. 10:30.

201 Axel Bogason Mávanes 13
 202 Ásta Rós Snævarsdóttir Þrastarlundur 12
 203 Baldur Jóhannesson Kjarrmóar 45
 204 Bjarki Þór Davíðsson Bæjargil 117
 205 Eiður Már Magnússon Tjaldanes 9
 206 Einar Orri Pétursson Háahæð 6
 207 Elías Helgi Kofoed Hansen Ögurás 1
 208 Geir Gunnar Sigurðsson Vattarás 9
 209 Harpa Káradóttir Öttuhæð 8
 210 Helgi Kristjánsson Hæðarbyggð 4
 211 Helgi Már Gunnarsson Skrúðás 3
 212 Hlynur Hjartarson Bæjargil 77
 213 Jón Atli Jóhannesson Skógarhæð 7
 214 Ragnheiður Ragnarsdóttir Langamýri 55
 215 Valgeir Páll Björnsson Brúnás 18
 216 Þórunn Þórsdóttir Smárafliot 14

Pálmásunnudag 20. mars í Vídalínskirkju kl. 13:30.

217 Andri Valur Óskarsson Andrésbrunnur 1,R.
 218 Anton Almarsson Brekkubbyggð 63
 219 Atli Elfar Helgason Klettás 13
 220 Búi Alexander Eymundsson Sunnufliot 12
 221 Daníel Rakelarson Lyngmóar 12
 222 Edda Guðrún Gísladóttir Blómahæð 6
 223 Edda Gunnlaugsdóttir Blikanes 23
 224 Eyrún Inga Magnúsdóttir Brekkubbyggð 65
 225 Finnur Gauti Guðjónsson Stekkjarfliot 4
 226 Freyja Sif Þórsdóttir Bæjargil 88
 227 Guðrún Þóra Reynisdóttir Hraunási 8
 228 Hilda Hrönn Guðmundsdóttir Urðarhæð 2
 229 Jónatan Þór Kristjánsson Holtsbúð 7
 230 Katla Þorgeirsdóttir Holtsbúð 52
 231 Margrét Bjarnadóttir Bakkafliot 2
 232 Oddný Ómarsdóttir Birkiás 26
 233 Oddný Sigurbergisdóttir Ásbúð 68
 234 Ragnhildur Dóra Elíasdóttir Krókamýri 52
 235 Steingrímur Eyjólfsson Haukanes 1

Annar í páskum 28. mars í Vídalínskirkju kl. 10:30.

301 Ágústa Dan Árnadóttir Lyngmóar 11
 302 Birgir Þór Stefánsson Ásbúð 76
 303 Birkir Svan Ólafsson Hrísmóar 2b

304 Gabríel Sigmarsson Aratún 12
 305 Snædis Björnsdóttir Hlíðarbyggð 2
 306 Steinunn Erla Thoroddsen Engimýri 1
 307 Svava Egilsdóttir Ásbúð 85
 308 Jóna Vestfjörð Hannedsdóttir Kórsalir 5, 200 Kóp.

Annar í páskum 28. mars í Bessastaðakirkju kl. 13:30.

309 Katrín Jónsdóttir Markarfliot 19
 310 Ylfa Marín Haraldsdóttir Krókamýri 78

Laugardaginn 2. apríl í Vídalínskirkju kl. 13:30.

401 Baldur Arge Sveinsson Goðatún 28
 402 Daníel Ingi Ragnarsson Eyktarhæð 3
 403 Daníel Jón Jónsson Tjarnarfliot 3
 404 Gríma Björg Thorarensen Súlunes 3
 405 Hildur Sigrún Guðbrandsdóttir Ásbúð 48
 406 Ingibjörg Fríða Helgadóttir Ásbúð 16
 407 Isak Richter Magnússon Móafliot 33
 408 Jenný Hrunð Hauksdóttir Þernunes 5
 409 Jón Arni Rúnarsson Marargrund 4
 410 Marínó Marínósson Skrúðás 1
 411 Ragnhildur Ósk Sigurðardóttir Hlíðarbyggð 12
 412 Rúnar Karl Elfarsson Sunnufliot 10
 413 Snædis Eiríksdóttir Draumahæð 7
 414 Theódór Sölvi Blöndal Langamýri 6

Sunnudaginn 3. apríl í Vídalínskirkju kl. 13:30.

501 Ásta Lind Hannedsdóttir Gränz Skógarhæð 8
 502 Emilía Gunnarsdóttir Ásbúð 89
 503 Erla Sif Karlsdóttir Ásbúð 10
 504 Guðný Rut Hafsteinsdóttir Langafit 7
 505 Haukur Jóhannesson Bjarkarás 26
 506 Hjörvar Hans Bragason Víðíás 4
 507 Jakob Sindri Þórsson Krókamýri 78
 508 Kara Elvarsdóttir Draumahæð 12
 509 Kjartan Jósefsson Móafliot 16
 510 Rakel María Karlsdóttir Furuás 3
 511 Sara Magnea Arnarsdóttir Rjúpnahæð 1
 512 Sara Dögg Vignisdóttir Goðatún 21
 513 Thelma Rún van Erven Bæjargil 120

Sunnudaginn 10. apríl í Garðakirkju kl. 10:30.

601 Andrés Pétursson Heiðarlundur 20
 602 Árni Freyr Haraldsson Melhæð 3
 603 Benedikt Jónsson Hæðarbyggð 23
 604 Daníel Agnarsson Lækjarás 5
 605 Daníel Hansson Garðafliot 27
 606 Guðlaug Jóna Matthíasdóttir Ásbúð 100
 607 Guðlaugur Garðar Eypórsson Urðarhæð 4
 608 Guðríður Jónsdóttir Efstilundur 1
 609 Helga Lára Halldórsdóttir Móafliot 43
 610 Hilmar Daði Bjarnason Lerkiás 10
 611 Hrafnhildur Gunnarsdóttir Urðarhæð 1
 612 Jódís Dagný Vilhjálmisdóttir Sigurhæð 9
 613 Jón Ragnar Jónsson Lerkiás 6
 614 Jónas Roy Bjarnason Hrísmóar 3
 615 Kjartan Valur Kjartansson Þrastanesi 3

**Pantið skátaskeytin í sínum 565-8989 & 565-8820
 eða komið í skátaheimilið Vífilfell að Hraunhólum 12
 Einnig hægt að panta á www.vifill.is !**

í Garða-, Vídalíns- og Bessastaðakirkju

Prestar verða sr. Hans Markús Hafsteinsson og sr. Friðrik J. Hjartar.

Sunnudaginn 10. apríl í Garðakirkju kl. 13:30.

616 Anna Katrín Einarsdóttir	Garðaflöt 23
617 Arnar Darri Pétursson	Blómahæð 10
618 Ármann Hannesson	Dalsbyggð 5
619 Bergný Ármannsdóttir	Hofslundur 8
620 Brynja Björk Vestfjörð	Móaflöt 21
621 Eygló Rut Guðlaugsdóttir	Tunguás 2
622 Helgi Ingimundarson	Rjúpnahæð 2
623 Karen Rut Gísladóttir	Birkiás 30
624 Katla Mist Brynjarsdóttir	Birkiás 15
625 Theodór Halldórsson	Norðurbrú 6
626 Vala Kristín Eiríksdóttir	Lindarflöt 41
627 Valur Páll Stefán Valsson	Eskiholt 2

Munið að hafa tilbúið greiðslukortið þegar þið hringið til okkar til að gefa okkur upp kortanúmerið og gildistímann á því.

Þegar skátaskeyti er pantað er einfaldast að gefa upp raðnúmerið sem er við nafnið, því það flýttir fyrir afgreiðslu hjá okkur.

Athugið breyttan opnunartíma. Afgreiðslan í Skátaheimilinu er opin milli klukkan 13 og 17 og við lokum stundvíslega til að koma skeytunum út eins fljótt og auðið er.

Munið að við tökum á mót skeytum í Hafnarfjörð og Kópavog, þá daga sem fermingar eru í Garðakirkju og Vídalínskirkju.



Minum á nýjar skeytategundir



Skátaskeyti

Ný skeytategund !



Skátaskeyti

Ný skeytategund !



Garðabæingar - Þökkum veittan stuðning

Mörg sumarnámskeið í boði hjá Vífli

Útilífs og ævintýranámskeið og Smíðanámskeið Vífils



Skátafélagið Vífill

Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils eru skemmtileg námskeið fyrir börn og unglinga sem eru á aldrinum 6 - 14 ára. Skátafélagið Vífill var með fyrstu skátáfélögum á landinu sem byrjuðu með slík námskeið fyrir 16 árum.

Dagskráin byggist upp á mikilli útivist og að sjálfsögðu ekta skátastarfi.

Aðstaða og stjórnun námskeiðanna verður í nýju Skátamiðstöðinni Vífilsfelli við Bæjarbraut.

Reyndir foringjar leiðbeina

Námskeiðunum er stýrt af reyndum skátáforingjum sem kunna sitt fag og hafa margra ára skátareynslu að baki. Þeir eru þaukunnugir útilífi, stjórnun í skátastarfi og hafa mikla reynslu af því að vinna með ungum Garðbæingum. Allir leiðbeinendur hljóta þjálfun hjá Bandalagi íslenskra skáta, sækja ítarlegt námskeið um starfshætti og öryggisreglur sumarnámskeiða og upprifjun í skyndihjálpi.

Mikil og góð dagskrá

Skátafélagið leggur metnað sinn í að

sinna einstaklingnum og byggja dagskrána upp í samræmi við reynslu undanfarinna ára.

Hvert námskeið er í eina viku í senn og á hverju námskeiði er nýtt þema.

Dagskrá námskeiðanna byggist hins vegar upp á tveggja vikna dagskrá og endar önnur hvor vika á útilegu við skátaskálann Vífilsbúð.

Þátttakendum er skipt upp í 5 - 7 manna flokka eftir aldri. Þessir flokkar starfa saman út námskeiðið.

Útilífs- og ævintýranámskeið Vífils

Námskeiðin, sem eru í viku, byggjast upp á tveggja vikna dagskrá og endar annað hvert námskeið á útilegu. Farið er í ýmsar ferðir í nágrenni skátaheimilisins, meðal annars hellaferð, kanóferð, veiðiferð, fjöruferð, fjallgöngu, hjólaferð og ýmsar aðrar kynnisferðir. Í annarri hverri viku, í lok hvers námskeiðs, er farið í tjaldútilegu í Heiðmörk, í nágrenni skála skátafélagsins. Í útilegunni er grillað, haldin kvöldvaka, farið í gönguferðir, hellaferð, póstaleiki ofl. Í stuttu máli er gert flest allt sem tengist alvöru skátaútilegum enda eru útilegur og útilíf sérgrein skátana.

Ævintýranámskeið Vífils

Þetta námskeið er ætlað börnum og unglingum á aldursbilinu 11 - 14 ára. Þetta er tveggja vikna námskeið sem endar með stórrí útilegu. Námskeiðið byggist á alvöru útivist og öðruvísi íþróttum t.d kassaklifri. Þema í útilegunni er „Survivor“.

“Amazing race”

Þetta er í annað sinn sem Vífill tekur þátt í og heldur þennan viðburð með skátanámskeiðum nágrenna-sveitarfélaganna. Þessir dagar tókust mjög vel í fyrra og hefur félagið ákveðið að vera með þessa daga aftur. Tjaldað verður á túninu við Hraunbyrgi, tjaldsvæði Hafnarfjarðar og fer dagskrá útilegunnar fram um allan Hafnarfjörð.



Tilgangurinn með þessum dögum er að kynna skátastarfið enn frekar fyrir foreldrum og verðandi skátum. Það skiptir gríðarlega miklu máli fyrir okkur að upplýsa foreldra um hvað skátastarfið snýst.

Útilegan verður í júlí og er öllum þátttakendum sumarnámskeiðanna og skátum boðið að koma og taka þátt í dagskránni. Foreldrum er síðan boðið að taka þátt í stórskemmtilegri kvöldvöku um kvöldið. Upplýsingar um þennan viðburð verða birtar á heimasíðu félagsins í lok júní.

Smíðanámskeið Vífils

Vífill hafði yfirumsjón með smíðavöllum Garðabæjar í fyrra og tókst það frábærlega. Nú endurtökum við leikinn og tvínum saman leiki og fjör á smíðavellinum og höfum þar dagskrá allan daginn.

Nánari upplýsingar síðar

Dagsetningar verða auglýstar síðar í Sumarbæklingi Garðabæjar en við minnum á að vikuna 18. júlí - 22. júlí falla niður námskeið vegna Landsmóts skáta á Úlfjótavatni.

Skráning á vefnum

Í fyrra var um 90% allra skráninga í gegnum vefsíðu Vífils og auðvitað verður hægt að skrá í gegnum www.vifill.is.

Einnig verður skráning í síma 899-0089 og 565-8820 eða með því að senda tölvupóst á vifill@vifill.is.





Hér kemur Tæknival

Félagsútilega Vífils

Hápunkturinn á hverju hausti



Félagsútilega í október fastur liður

Vífill fór í félagsútilegu síðustu helgina í október á Úlfjótuvatni. Þá fara allir sem vettlingi geta valdið úr félaginu og stjórnin og baklandið er til aðstoðar. Strákasveitin Fornmenn og stelpusveitin Forynjur komu á föstudagskvöldinu, en Ylfingarnir komu á laugardaginn og fóru eftir kvöldvökuna.

Frumbyggjalíf í heila helgi

Þema útilegunnar voru frumbyggjar og fékk hver sveit úthlutað fornum ættbálki. Útilegan var sett með því að allir drukku nýblandaðan kraftadrykk sem öllum líkaði mjög vel. Eftir setningu var svo stórskemmtilegur leikur sem kallast hinu frumlega nafni „Búðarleikurinn“. Allir skátarnir hlupu á milli pósta eða dagskrárstöðva í þeirri von að gera sem best kaup eða sölu á mismunandi vörum. Ímyndið ykkur Wall street þar sem allir eru á harðahlaupum á milli bása. Eftir leikinn fengu skátarnir kakó áður en þeir fóru að sofa.



Ræs , morgunmatur og löng ganga

Á laugardegi vöknuðu allir (mis)hressir og fóru í morgunleikfimi og morgunmat. Nú tók við skemmtilegur fræðslupóstaleikur framundir hádegismat. Eftir hádegi fóru svo allir í langa gönguferð meðfram vatninu að Steingrímsstöð en þar voru skátarnir teknir upp í bát og siglt með þá yfir vatnið. Gengu þau þá nokkra kílómetra uns þau komu að stað þar sem þau þurftu að róa stuttan spöl yfir vatnið aftur. Siglingakapparnir voru þó misblautir þegar þeir komu aftur í land.

Kvölddagskráin klikkar ekki

Krakkarnir fóru svo að gera skemmtiatriði fyrir kvöldvökuna. Í kvöldmat var svo elduð dýrindis steik sem hvarf eins og ekkert væri niður í svanga maga. Kvöldvakan heppnaðist einnig mjög vel og þar þurftu allir hópa að koma með skemmtiatriði. Eftir kvöldvöku var svo haldinn æsispennandi næturleikur með ýmsum þrautum eins og bíladrætti, að hugga sorgmædda, böruburði og söng. Eins og kvöldið áður fengu allir kakó og kex fyrir svefninn.



Keppni, verðlaun og tiltekt

Sunnudagur rann upp, bjartur og fagur. Eftir morgunverk var haldin íþróttakeppni með frekar óhefðbundnum íþróttum. Eftir mat var svo tiltekt og útilegunni var síðan slitið með athöfn. Síðan voru skátaflokkunum afhent ýmis verðlaun og viðurkenningar fyrir frammistöðu þeirra í útilegunni. Var það mat allra að útilegan hafi tekist einstaklega vel og allir fóru heim með bros á vör og með tilhlökkun til næstu útilegu.

Ágúst Þór og Hjálmar



Vilt þú taka þátt í ylfinga- skáta eða dróttskátastarfi ?

Hringdu þá í síma 565 8820 á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum milli kl. 18 og 20.



Dress code Iceland*

DRESS CODE ICELAND*

Cintamani útvistarfatnæður er hannaður og reyndur á Íslandi, til að standa þær kröfur sem síbreytilegt íslenskt veður setur.
*ÍRISLANDI KLUBBAMENNI Á ÍSLANDI

Páskar í Þýskalandi

Skátaforingjar úr Vífli fóru á skátamótið IMWE

Hvað skyldi nú IMWE vera ?

IMWE er skátamót sem haldið er á hverju ári um páskana í Þýskalandi. Mótið er hugsað fyrir skátaforingja sem eru orðnir 17 ára og eldri. IMWE stendur fyrir listir, tónlist, leiklist og handiðnar.

Skátamót í kastala

Þetta er ekkert venjulegt skátamót þar sem þú kemur á mótsvæði og slærð upp tjaldbúðum, nei, þetta mót er haldið í kastala og að þessu sinni var það haldið í Rienik kastala, en hann liggur rétt fyrir austan Frankfurt.

Við vorum fjögur frá Íslandi, öll úr D.S. Fenris. Í raun og veru vissum við ekki við hverju við máttum búast.

Við höfðum frétt af nokkrum Íslendingum sem höfðu farið áður og þau sögðu að þetta væri meiriháttar skemmtilegt..., en við bjuggumst ekki við að þetta myndi yrði svona svakalega fjörukt.

Þarna var saman kominn u.þ.b. 60 manna hópur alls staðan af úr Evrópu og var þema ársins um Hansakaupmenn



og voru því allir í miðaldarbúningum í stíl við það.

Skátasmiðjur

Aðaldagskráin á mótinu eru smiðjurnar. Hópurinn frá Íslandi fór í leiklistarsmiðju og brúðusmiðju, en einnig voru í boði vísindasmiðja, bókagerð og fleiri.

Alla daga var samfelld dagskrá langt fram á kvöld, t.d. var alþjóðakvöld, en þá átti hver og einn að kynna sitt land og sinn heimabæ. Eftir kvölddagskrána hittust síðan allir í kjallaranum en þar var spilað og sungið langt fram eftir nóttu.



Læra nýja hluti og nýta þá

Hugmyndin er sú að þú kynnist sem flestum skátum, deilir hugmyndum, lærir nýja hluti sem foringjarnir geta nýtt sér í skátastarfinu í sínu heimalandi.

Það var svo gaman að þrjú okkar sem fóru síðustu páska, erum á leið til Þýskalands núna um páskana.

Fyrir hönd IMWE fara
Bergdís Inga Brynjarsdóttir

Kandersteg og London

Dróttskátar úr DS Fenris fóru víða síðasta sumar



Alþjóðlegar skátabúðir í Sviss.

Þann 7. ágúst voru 11 hressir skátar á leiðinni til Kandersteg í Sviss.

Við byrjuðum á því að fljúga til London og svo til Sviss. Þar tók við tveggja tíma lestarferð á áfangastað.

Í Kandersteg var auðvitað hægt að velja úr mörgum dagskrárliðum, enda ekki mikið vandamál að finna sér eitthvað að gera.

Við til dæmis fórum í "River rafting", í 750 metra rennibraut sem er staðsett upp á einu fjallinu og margt fleira.

Kíkt á Frakkland og Ítalíu

Við skelltum okkur einnig í tver dagsferðir til Frakkland og Ítalíu.

Þegar við fórum til Frakklands fórum við með ungliðasveit Björgunarsveitar Hafnar-

fjarðar. Við skelltum okkur í bæinn Chamonix þar sem Mont Blanc er. Var það mjög skemmtileg ferð enda mikið um alls konar útivistarverslanir sem ekkert mál var að eyða deginum í.

Á Ítalíu kíktum við í bæ sem heitir Domodosolo, sem var nú ekki mikill menningarbær að okkar mati, enda lentum við í síestunni þannig að það var frekar stutt stoppið þar.

Skóðað og verslað í London

Eftir vikudvöl í Kandersteg var mál að halda til baka til London enda átti að vera þar 5 daga í viðbót.

Fyrsti dagurinn var notaður í það að "túristast" aðeins og var fundinn einn góður rauður strætó og farin ein kynnisferð með honum. Næstu dagar voru svo notaðir í það að skoða sófn og helstu merkilegu staði og auðvitað var farið að versla á Oxford Street.

Allir komu svo ótrúlega ánægðir heim eftir frábæra ferð.

Rakel Ýr Sigurðardóttir



Krydd og kaviár

Veitinga- og veislubjónusta

Sjá www.kryddogkaviar.is

Sími: 565-9933



TÖLVUKAUP - Hamraborg 1 í Kópavogi (neðanverðu)

Skoðið tilboðin á heimasíðu okkar www.kt.is

Kassi: Medium ATX 300W
Örgjörvi: 2,4GHz Intel Celeron
Vinnsluminni: 256MB SDRAM
Harður diskur: 40GB
Skjákort: Innb.
Netkort: Innb. 10/100
Hljóðkort: Innbyggt
Geisladrif: 52x
Lyklaborð og mús
Skjár: 17" Samtron
Stýrikerfi: Windows XP Home ed.
Kr 69.900,-

Kassi: Medium ATX 300W
Örgjörvi: 2,8MHz Intel P4 800 FSB
Vinnsluminni: 512MB DDR 333MHz
Harður diskur: 120GB
Skjákort: ATI RADEON 9200 128MB
Netkort: Innb. 10/100
Hljóðkort: Innbyggt
Geisladrif: DVD drif 16x
Geislaskrifari 52x24x52
Lyklaborð og mús
Skjár: 17" Samtron
Stýrikerfi: Windows XP Home ed.
Kr.108.500,-



Sími: 554-2187



FERLI

Við dreifum þjóðskrá og fyrirtækjaskrá !

Ferli ehf. er miðlari fyrir gagnadreifingu frá Hagstofu Íslands og Ríkisskattstjóra.

Hægt að sækja uppfærsluskrár sjálfvirkt daglega, vikulega eða mánaðarlega.

Þjóðarsýn - fullkomin heildarlausn fyrir uppfléttingu í þjóðskrá ásamt

sjálfvirki sendingu og uppfærslu gagna

Tilbúin uppfærsluforrit fyrir Access, Db2, MS-SQL og DataGate

Einnig XML-aðgangur.

Ferli ehf. Alhliða tölvubjónusta - Hlíðasmára 8 - Sími 544-5888 Netfang ferli@ferli.is

www.ferli.is

Landsmót í júlí í sumar

Vífill stefnir á Landsmót og vonast eftir mörgum gestum



Aðalvarðeldur og Vífilsgrill

Á laugardagskvöldinu 23. júlí verður grillveisla hjá Vífli fyrir alla þátttakendur félagsins, foreldra þeirra og gesti frá Garðabæ sem verða á staðnum.

Vífill gerði þetta einnig á síðasta móti á Akureyri og þá komu hátt í 200 gestir til félagsins.

Aðalvarðeldur á Landsmóti er því lík upplifun og skemmtun að það ættu allir sem mögulega gætu að skella sér í heimsókn til okkar við Úlfjótuvatn og taka þátt í ævintýrinu.

Fararstjórar.



Vífill ætlar austur með stóran hóp

Nú styttist í næsta Landsmót skáta og verður það haldið að Úlfjótuvatni dagana 19. - 26. júl.

Skátar Vífils eru þegar farnir að undirbúa sig og ýmsir ætla að reyna að hjóla, ganga og sigla á mótsstaðinn. Það eru vaskir dróttskátar sem ætla að mæta með stæl á mótsstað, en þeir hinir sömu hjóluðu á síðasta Landsmót á Akureyri.

4000 manna þorp

Á svona mótum rís heil byggð með um 4000 íbúum og stendur mótið í heila viku. Á mótssvæðinu er t.d. dagblað gefið út, það er útvarpsstöð, verslun, banki og svo auðvitað vaskur hópur starfsmanna til að allt gangi vel fyrir sig.

Félagið hefur auðvitað sér svæði fyrir sína tjaldbúð og matartjald.

Þrettándabrenna Vífils

Haldin við skátaskálann Vífilsbúð



Skálinn er í göngufjarlægð

Vífilsbúð sem er skátaskáli Vífils er staðsettur í Heiðmörk og er í raun það stutt frá, að oft ganga skátar eða hjóla þangað. Í skálanum er mjög góð aðstaða, þar er rafmagnslýsing, rafmagnskynding og svefnaaðstaða fyrir rúmlega 20 eða 8 rúm og svo svefnloft sem að rúmar c.a.15 manns.

Frábært umhverfi

Umhverfið í kringum Vífilsbúð hefur upp á margt að bjóða, hægt er að fara í hellaskoðun, veiði í Vífilsstaðavatni, ganga meðfram Búrfellsgjá á Búrfell,

Valaból og Helgafell. Einnig er stór og góður grasflötur við skálann sem er tilvalið til tjöldunar eða leikja.

Allt þetta svæði notum við auðvitað fyrir Útilífs- og ævintýranámskeiðin.

“Þrettándavarðeldur” vinsæll

Á þrettandanum var haldin brenna við Vífilsbúð þar sem að fjöldinn allur af fólki kom og tók þátt í söng og nutu þess að horfa á flugeldasýningu í boði Hjálpar sveitar Skáta í Garðabæ.



Kakó og kex á pallinum

Eftir það var svo boðið upp á kakó og kex í skálanum.

Þrettándabrennan er árlegur viðburður hjá Vífli og eykst fjöldi gesta frá ári til árs, enda eru allir velkomnir!

Sjáumst á næsta þrettánda!

Fyrir þá sem vilja kynna sér skálann betur geta skoðað allt um hann inn á heimasíðunni okkar www.vifill.is

Guðrún Þórey Sigurbjörnsdóttir, skálavörður



Garðatorgi S: 565-6677

**Efnalaug og fataleiga Garðabæjar
Garðatorgi 3, Sími 565-6680**

GH HEILDVERSLUN EHF.
Garðatorgi 7 210 Garðabæ
Sími 565-6560 Fax 5656160
gh@gh.is <http://www.gh.is>

Sími 565-6550
Úrval af líkamsræktarfatnaði frá Better Bodies

Garðatorg

Fyrirtækja- og þjónustumiðstöð

GARÐATORG EIGNAMIÐLUN
GARÐATORGI 7 - 210 GARÐABÆ
Sími : 545-0800 - fax : 545- 0801
gardatorg@gardatorg.is
www.gardatorg.is

Skátafélagið Vífill þakkar öllum þeim fyrirtækjum er styrktu útgáfu þessa blaðs og hvetur Garðbæinga, sem og alla aðra til að nýta sér þjónustu þeirra !

**Tannlæknastofan
Garðatorgi
Sími 565-9070**

Áslaug Óskarsdóttir
Guðrún Jónsdóttir
Úlfhildur Áslaug Leifsdóttir

Markmið mitt er að verða stórstjarna



Fermingarglaðningur:

Þegar þú gefur fermingarbarninu 5.000 kr. eða meira í inneign á Framtíðarreikning bætur Íslandsbanki 2.000 kr. við.

Gefðu fermingargjöf sem vex

- hæstu vextir bankareikninga
- bundin til 18 ára
- verðtryggtur
- fyrir 15 ára og yngri
- engin þjónustugjöld eða þóknun

Inneign á Framtíðarreikningi er fermingargjöf sem vex og gerir krökkum dagsins í dag unnt að hrinda markmiðum og draumum framtíðarinnar í framkvæmd. Framtíðarreikningur er frábær gjöf frá ömmum, öfum, frænkum, frændum, systkinum og vinum.



ÍSLANDBANKI | 100%